

## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17. – 18. maí 2018



---

# LAGABREYTINGARTILLÖGUR

---

### 1. lagabreytingatillaga

Við lög FG bætist við ný grein, 13. grein sem hljóðar svo:

*Tilnefning í ráð og nefndir á vegum KÍ og FG  
13. gr.*

*Á samráðsfundum stjórnar FG og svæðaformanna FG skal velja fulltrúa FG sem stjórn FG skipar að undangengnu vali í eftirfarandi ráð, nefndir og sjóði á vegum FG og KÍ í samræmi við lög KÍ og vinnureglur þar um:*

- Fræðslu- og kynningarsjóð FG
- Vonarsjóð FG og SÍ
- Sjúkrasjóð KÍ
- Orlofssjóð KÍ
- Vinnudeilusjóð KÍ
- Fastanefndir á vegum KÍ
- Skoðunarmenn reikninga
- Aðrar trúnaðarstöður á vegum FG/KÍ

Verði þessi nýja grein samþykkt breytast númer annarra greina þar fyrir aftan og hækka sem því nemur um 1.

### 2. lagabreytingatillaga

Gerð er tillaga að breytingu á 5. gr. þannig að eftirfarandi texti falli úr greininni:

„nýkjörnir og fráfarandi skoðunarmenn reikninga“

„nýkjörnir og fráfarandi fulltrúar í stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs“

Verði tillaga þessi samþykkt mun greinin hljóða svo:

Aðalfundur  
5. gr.

Aðalfundur FG skal haldinn fjórða hvert ár innan sex mánaða fyrir eða eftir þing KÍ. Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, sbr. þó 18. gr. Á aðalfundi eiga sæti með atkvæðisrétti:

- Nýkjörin og fráfarandi stjórn,
- nýkjörin og fráfarandi samninganefnd,
- nýkjörin og fráfarandi stjórn skólamálanefndar,

- nýkjörin og fráfarandi kjörnefnd,
- formenn svæðafélaga,
- einn fulltrúi fyrir fyrstu 35 félagsmenn hvers svæðafélags en einn fulltrúi fyrir hverja 70 félagsmenn eftir það eða brot úr þeirri tölu sem umfram kann að vera.

Kjörtímabil þeirra er milli reglulegra aðalfunda félagsins. Stjórnir svæðafélaga velja aðalfundarfulltrúa sína í samræmi við lög FG/KÍ og ber að tilkynna nöfn þeirra til stjórnar félagsins minnst átta vikum fyrir aðalfund. Einnig skal tilkynna jafn marga varamenn. Til aðalfundar skal boðað með almennu fundarboði með a.m.k. 16 vikna fyrirvara. Aðalfundarfulltrúar skulu boðaðir sérstaklega með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Tillögur til umfjöllunar á aðalfundi þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en sex vikum fyrir aðalfund, sbr. þó 20. gr. Aðalfundargögn skulu send út / birt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

## **Greinagerð með lagabreytingatillögum:**

### **Greinagerð með 1. lagabreytingatillögu**

Á aðalfundi 2014 var samþykkt ályktun þar sem stjórn og svæðaformönnum (samráðsfundi) var falið að tilnefna í stjórn og nefndir á vegum KÍ og FG. Samráðsfundur stjórnar og svæðaformanna setti sér vinnureglur sem farið var eftir. Lagabreytingin miðar að því að festa þetta verklag í sessi í samræmi við lög KÍ.

Á aðalfundi FG 2014 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*„SAMÞYKKT UM TILNEFNINGU FULLTRÚA FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA Í STJÓRNIR SJÓÐA Í SAMRÆMI VIÐ LÖG KÍ*

*Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8. - 9. maí 2014 felur stjórn FG að óska eftir tilnefningum eða framboðum frá félagsmönnum FG í stjórnir Sjúkrasjóðs, Vinnudeilusjóðs, Orlofsjóðs og Verkefna- og námsstyrkjasjóðs (Vonarsjóðs). Fundurinn samþykkir að á fyrstu samráðsfundum stjórnar FG og svæðaformanna eftir aðalfund félagsins verði fulltrúar FG til þessara trúnaðarstarfa tilnefndir eins og kveðið er á um í lögum KÍ. Hætti tilnefndur aðili eða komi til þess að tilnefning verði afturkölluð, ber sömu aðilum að tilnefna nýjan í staðinn. Þetta fyrirkomulag verði til endurskoðunar á aðalfundi FG 2018.“*

## **Reglur byggðar á aðalfundarsamþykkt 2014:**

### **Vinneglugr stjórnar og svæðaformanna (samráðsfundar) byggðar á aðalfundarsamþykkt 2014**

1. Póstur sendur til allra félagsmanna með ósk um að þeir sem hafa áhuga á að starfa í ráðum og nefndum á vegum KÍ og FG gefi sig fram og sendi inn umsókn (sjá bréf aftar)
2. Stjórn og svæðaformenn FG velja fjöggra manna nefnd til að fara yfir umsóknir
3. Nefndin meti umsóknir, seti saman hóp af þeim sem líklegastir þykja koma til greina og skila til samráðsfundar. Samráðsfundur fari yfir mat nefndarinnar og ákveði endanlegan hóp sem ræða skuli við.
4. Nefndin taki viðtöl við þá sem koma til greina
5. Nefndin gerði tillögu til samráðsfundar hverjir verða aðalmenn og hverjir verða varamenn
6. Samráðsfundur staðfesti tilnefningar

## **Bréf sem sent var til félagsmanna FG:**

### **Ágæti félagsmaður FG**

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar FG frá því í maí 2014 er óskað eftir áhugasömum félagsmönnum til að taka sæti í eftirtöldum sjóðstjórnum á vegum KÍ og FG:

[Sjúkrasjóðs KÍ](#)

[Vinnudeilusjóðs KÍ](#)

[Orlofssjóðs KÍ](#)

[Verkefna- og námsstyrkjasjóðs \(Vonarsjóðs\) FG](#)

Þeir sem hafa áhuga á að starfa í áðurgreindum sjóðstjórnum eru beðnir að senda upplýsingar til undirritaðs á netfangið [olafur@ki.is](mailto:olafur@ki.is) eða á netfangið [gudbjorg@ki.is](mailto:gudbjorg@ki.is). Vinsamlegast tilgreinið, Nafn, kennitölu, menntun, starfsstöð, kennsluferil, hvers vegna áhuginn beinist að viðkomandi sjóði og annað sem gæti komið á að gagni við að velja fulltrúa FG. Um er að ræða einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í hvern sjóð. Stjórn og svæðaformenn velja síðan þessa fulltrúa í samræmi við samþykkt aðalfundar FG. Upplýsingar um viðkomandi sjóði má finna á heimasíðu KÍ, [www.ki.is](http://www.ki.is)

Áhugasamir vinsamlegast sendi póst fyrir 30. ágúst.

Með félagskveðju,  
Ólafur

### **Greinagerð með 2. lagabreytingatillögu**

Á aðalfundi 2014 láðist að taka þær tvær línur út í kjölfar verklagsbreytinga og því er lagt er til að þær verði teknar út núna.

Í lagabreytingatillögu 1 er lagt til að stjórn og svæðaformenn tilnefni í stjórn Vonarsjóðs FG og SÍ og skoðunarmenn reikninga skv. vinnureglum þar um. Eru þær breytingar í samræmi við lög KÍ.